

4. fundur starfshóps um félagslega húsnæðiskerfið. Haldinn 19. janúar 2016 kl. 8:30 í bæjarráðssal að Strandgötu 6.

Mættir: Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður, Helga Ingólfssdóttir, Örn Tryggvi Johnsen, Sigurður Haraldsson, Kristján Sturluson og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs.

Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu fór yfir upplýsingar um eiginir í eigu Íbúðalánasjóðs sem eru söluskráðar. Um er að ræða lista eins og eignastaðan var þann 5. janúar s.l.

Sviðsstjóra Umhv. og skipul.þj. er falið að senda fyrirspurn til Íbúðalánasjóðs varðandi möguleg kaup eigna. Er þá fyrst og fremst verið að horfa til 2-3 herbergja íbúða en þar liggur meginþörf þeirra sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði.

2. Stærðir íbúða.

Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu lagði fram upplýsingar um samsetningu íbúða í félagslega kerfinu. Um er að ræða 239 íbúðir og er ljóst að nokkrar íbúðir eru óþarflega stórar. Ákveðið að ávallt þegar íbúðir losna þá sé skoðað hvort ástæða sé til að setja íbúð í sölu og kaupa þess í stað eign sem hentar betur þörf hverju sinni. Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu fer yfir og tilgreinir þegar íbúðir losna hvort heppilegt sé að selja m.t.t. áhvílandi lána o.fl.

3. Breyting á reglum um úthlutun á almennu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ og sérstakar húsaleigubætur.

Starfshópurinn leggur til við fjölskylduráð að gerð verði breyting á 5. gr. í reglum um úthlutun á almennu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ og sérstakar húsaleigubætur. Breytingin felur í sér að einungis umsækjendur með 6 stig eða fleiri fara á biðlista en nú fara allir sem sækja um, á biðlista eftir leiguhúsnæði. Ljóst er að þeir sem ekki ná 6 stigum eiga ekki möguleika á úthlutun.

Breytingin verður eftirfarandi:

5.gr.

Við mat á umsóknum er farið eftir ákveðnu matskerfi og hverjum umsækjanda um leiguíbúð reiknuð stig á 10 stiga kvarða. **Umsækjandi með 6 stig eða fleiri er skráður á biðlista. Umsækjandi með færri stig uppfyllir ekki skilyrði til að vera á biðlista og er tilkynnt um það skriflega.**

Við forgansröðun skal hafa eftirfarandi til viðmiðunar:

- Tekjur umsækjanda
- Húsnæðisaðstæður
- Félagslegar aðstæður

Fjölskylduþjónustan skal gera matsblað með nákvæmri útlistun stigagjafar til leiðbeiningar og skýringar.

Við mat á umsóknum þeirra sem áður hafa verið leigutakar hjá Hafnarfjarðarbæ skal tekið tillit til þess hvort umsækjendur stóðu í skilum með húsaleigu og hvort umgengni var í samræmi við ákvæði leigusamnings.

Tillagan fer fyrir næsta fund fjölskylduráðs þann 29. janúar n.k.

4. Rekstur félagslega húsnæðiskerfisins.

Ákveðið að óska eftir upplýsingum um rekstrarstöðu félagslega húsnæðiskerfisins. Starfshópurinn óskar upplýsinga um leiguverð og samspil við sérstakar húsaleigubætur. Sérstakar húsaleigubætur eru ekki greiddar í félagslegu húsnæði og er óskað upplýsinga um hvernig fyrirkomulag er á þessum málum í nágrannasveitarfélögum. Einnig er þess óskað að gerð verði greining á áhrifum þess að greiða sérstakar húsaleigubætur í félagslega kerfinu og endurskoða því samhliða leiguverð.

Fundi slitið kl. 9:30.